



Fundargerð

284. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshrepps, fjarfundur haldinn

7. janúar 2022, kl. 08:15

Viðstaddir: Eysteinn Eyjólfsson formaður, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkharður Ibsen, Róbert J. Guðmundsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson svíðsstjóri umhverfissviðs, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Maríanna Hvannadal Einarsdóttir tæknifulltrúi, Brynja Þóra Valtýsdóttir, Sigurður Þór Arason og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Aðgerðaráætlun vegna Umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshrepps (2020021391)

Anna Karen Sigurjónsdóttir mætti á fundinn og kynnti aðgerðaráætlun vegna Umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshrepps.

Lagt fram.

2. Sjávargata 33 - niðurstaða grenndarkynningar (2020010328)

TCI fasteignafélag ehf. óskar eftir fjölgun íbúða að Sjávargötu 33 í samræmi við uppdrætti Glóru dags. 26. október 2021. Í húsinu eru 6 íbúðir en verði 17. Bílastæði verði 20 þar af 7 á lóð. Stofnuð verði lóð austan við Sjávargötu 29 undir 13 bílastæði og sorpgerði. Andmæli bárust vegna ásýndar bílastæða frá Hafnarbakka 10 og umferðarmála.

Ásýnd bílastæða við Sjávargötu er sambærileg við ásýnd bílastæða Hafnarbakka 10 og Sjávargata verður ekki gerð að botnlanga, enda standa fá hús við götuna, sem kallar á lítinn gegnumakstur. Samkvæmt uppfærðum lóðagögnum komast bílastæði við Sjávargötu ekki fyrir innan lóðar. Erindi frestað.

3. Flugvellir 20 - fyrirspurn (2021120275)

Flugvellir 18 ehf. óska eftir lóðarstækkun um 10 m til norðurs með erindi dags. 13. desember 2021.

Lóðin hefur þegar verið stækkuð um 10 m til norðurs, heildarlóðarstækkun um 20 m að Aðalgötu, samræmist ekki ásýnd og yfirbragði hverfisins. Erindi hafnað.

4. Íðavellir 1 – stækkun (2022010098)

Skólamatur ehf. óskar eftir auknum byggingaheimildum í samræmi við uppdrátt Riss verkfræðistofu dags. 30. desember 2021. Óskað er heimildar til að byggja tveggja hæða



húsnaði austur af núverandi húsi. Gert verði ráð fyrir vinnslurými á neðri hæð en skrifstofu- og starfsmannarými á efri hæð.

Samþykkt að senda í grenndarkynningu skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

5. Grófin 10a - niðurstaða grenndarkynningar (2021060418)

Sverrir Sverrisson hf. óskar heimildar til að reisa skemmu innan byggingarreits Grófar 10a. Tillagan var grenndarkynnt, andmæli bárust sem fjallað var um á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 5. nóvember 2021. Erindi var frestað. Breytt tillaga er lögð fram þar sem gert er ráð fyrir að girt verði á lóðamörkum Grófar 10a og 8 með hliði við kvöð um aðkomu.

Tekið hefur verið tillit til athugasemda, erindi samþykkt.

6. Akurbraut 15 - bygging á bílskúr (2021110578)

Óskað er heimildar til að fjarlægja núverandi bílgeymslu og byggja nýja í samræmi við uppdrætti Beims ehf. dags. nóvember 2021.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3. hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

7. Brekadalar 10 – stækkun (2021110332)

Óskað er heimildar til að bæta við kjallara undir húsið við Brekadal 10 með erindi dags. 3. janúar 2022. Breytingin hefur ekki áhrif á ásýnd eða yfirbragð, en húsið stækkar um 40m² umfram hámarks nýtingu lóðar.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.

8. Hafnarbraut 12 - umsókn um stöðuleyfi (2021120477)

Gröfufjónustan ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir two 40ft gáma sem tjaldað er á milli yfir stálboga. Erindi vegna sömu framkvæmdar var hafnað eftir grenndarkynningu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 3. desember 2021

Umhverfis- og skipulagsráð er ekki leyfisveitandi stöðuleyfis. Erindi vísað frá.

9. Breyting á deiliskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 – skipulagslysing (2021060053)

Grindavíkurbær óska eftir umsögn við deiliskipagstillögu á iðnaðar- og orkuvinnslusvæði á Reykjanesi. Með skipulagstillöggunni er gildandi deiliskipulag á iðnaðar- og orkuvinnslusvæðinu fellt úr gildi og skipulagssvæðinu skipt upp um sveitarfélagsmörk Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar, í tvö deiliskipulagssvæði:



Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavíkurbæ og deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Reykjanesbæ. Tillaga að deiliskipulagi hefur það að leiðarljósi að fá betri yfirsýn yfir orkuvinnslusvæðið, uppfæra skilmála og marka stefnu um umgjörð jarðhitanýtingar. Jafnframt er með deiliskipulaginu markaður rammi um uppbryggingu atvinnustarfsemi sem nýtt geti afgangsstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu – innan Auðlindagarðsins

Reykjanesbær gerir ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna.

10. Þróunarreitur Grófinni - drög (2021090502)

Skipulagstillögur fyrir þróunarreit að Grófinni 2 í Reykjanesbæ lagðar fram.

11. Erindi landeigenda vegna efnistöku við Sandvík (2019060056)

Landeigendur að Kalmanstjörn og Junkaragerði í Reykjanesbæ með bréfi dags. 17. desember 2021 gera athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi varðandi það að fellt er út efnistökusvæði E4 við Sandvík. Óskað er eftir fundi með sveitarfélaginu áður en lengra er haldið með skipulagsvinnuna.

Erindi vísað til stýrihóps um endurskoðun aðalskipulags.

12. Rafræn skilti (2019090067)

Leiðbeiningar um afgreiðslu á umsóknum fyrir rafræn tilkynninga- og auglýsingaskilti í Reykjanesbæ. Reglurnar voru samþykktar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 18. desember 2019 og koma nú til endurskoðunar í ljósi reynslunnar.

Lagt fram.

13. Dalshverfi 3. áfangi - úthlutunarskilmálar (2019050472)

Lagðir eru fram úthlutunarskilmálar 3. áfanga Dalshverfis norður-hluta.

Heimild er veitt til að auglýsa lóðirnar.

14. Urðarás 1 - umsókn um lóð (2021120437)

Brian L. Thomas sækir um lóðina Urðarás 1.

Lóðarúthlutun samþykkt.

15. Fitjabraut 5-7 - afhendingarskilmálar (2019120011)

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti með fyrirvara lóðarúthlutun Fitjabrautar 5-7 til Smáragarðs í samræmi við bókun dags. 6. nóvember 2020. Samþykki Reykjaneshafnar fyrir lóðarúthlutun liggur fyrir. Afhendingarskilmálar framlagðir.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir afhendingarskilmála erindi samþykkt.

16. Árskýrsla umhverfissviðs (2021120264)

Sviðstjóri fer yfir Ársskýrslu umhverfissviðs.



Lagt fram.

Umhverfis- og skipulagsráð þakkar starfsmönnum sviðsins mikið og gott starf við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.